

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 4. mars 1994 kl. 14:30.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Sigríði Sigþórsdóttur, er kom og gerði grein fyrir sinni vinnu varðandi reiðvegaáætlun.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Ágúst Oddsson, Sigurgeir Bárðarson, Kristján Auðunsson, Marteinn Valdimarsson og Sigurður Pórhallsson framkvæmdastjóri. Síðar kom Kristmundur Halldórsson.

1. Reiðvegaáætlun.

Sigríður Sigþórsdóttir gerði grein fyrir sinni vinnu varðandi reiðvegaáætlun, og er ljóst að hún hefur unnið nú þegar mjög mikið og gott starf. Kortavinnsla hjá henni er miðuð við vegagerð. Í lok þessa mánaðar verður hvert umdæmi skráð í sérstaka skýrslu. Í ráði er svo í lok mars að halda fundi með trúnaðarmönnum L.H. um reiðvegamál og umdæmisverkfraðingum Vegagerðar ríkisins.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál og menn almennt ánægðir með störf Sigríðar.

Sigurði P. falið að finna út og tímasetja væntanlegan fund.

Í áætlun Sigríðar skiptist landið í 7 umdæmi og gróf fjárhagsáætlun varðandi reiðvegi, eru að um 100 millj. séu í hvert umdæmi til að klára reiðvegi vel. Heildarkostn. er því í kringum 700 millj.

2. Vegalagafrumvarpið og umsögn og athugasemdir L.H.

Skýrsla Kristjáns, Guðbrands og Kristmundar liggar nú fyrir, þar er farið mjög ítarlega í umferðarlög, sveitastjórnarlög, skipulagslög o.fl. ásamt skýrslu sem þeir leggja til að verði send samgöngunefnd Alþingis ásamt greinargerð. Kristján fór yfir skýrsluna, reifaði málin og skýrði út fyrir fundarmönnum. Tölubarverðar umræður urðu um þessi mál, smávægilegar leiðréttингar gerðar annars var stjórn sammála um að senda þetta svona áfram.

3. Æskulýðsmál , æskulýðsfulltrúi.

Í kvöld byrjar æskulýðsnámskeið á vegum L.H. með fulltrúum 23 hestamannafélaga m.t.t. að efla starfið heima í félögunum. Leiðbeinendur verða að hluta frá UMFÍ og æskulýðsn. L.H. og HÍS.

Enginn formleg umsókn hefur borist nú um starf æskulýðsfulltrúa.

Verulegar umræður urðu aftur á þessum fundi um störf og skilgreiningu æskulýðsfulltrúa, fjölda þeirra og eins hvort rétt væri að hafa 6 fulltrúa

eða svo dreifða um landið, þá á launum. Sitt sýnist hverjum með það, en fram kom að sumir stjórnarmanna telja það nokkuð "princip" mál að nefndarstörf séu ekki launuð. Sigurður P. leggur til að í ár verði ráðnir tímabundið 2 fulltrúar, annar syðra, hinn nyðra.

Kristmundur benti á að þörf fyrir æskulýðsfulltrúa sé víða meiri en "akkúrat" hér á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Kristján taldi að rétt væri að stjórn L.H. og HÍS, ásamt núverandi æskulýðsnefnd settist niður og reyndi að koma þessum málum á hreint.

Fram kom að í dag eru þessi mál alltof laus í reipunum og brýnt að reyna að koma þeim í ákveðara og fastara form.

Ákveðið að Guðmundur og Kristmundur ræði málin við æskulýðsnefnd og HÍS.

4. Reiðveganefnd skipuð - úthlutunarreglur.

Mál hafa lítið breyst frá síðasta fundi. Hefð er fyrir að gjaldkeri L.H. sé formaður. Um 7 millj. eru til ráðstöfunar í reiðvegi í vegaáætlun.

Sigurgeir Bárðarson og Birgir Rafn Gunnarsson voru tilnefndir með Sigfúsi.

5. Skýrsla framkvæmdastjórnar FM'93 lögð fram.

Formaður benti á 22. gr. skýrslunnar um dómaramál. Að auki kom athyglisverð athugasemd í dálki 26 varðandi fjölmöla og ritstjóra "Hestsins okkar". Í þessu framhaldi urðu talsverðar umræður um dómaramál. Ákveðið að óska eftir nánari greinargerð frá framkvæmdanefnd FM'93 varðandi dómaramál og þær aðdróttanir sem þar koma fram.

Óskað verður eftir tilnefningum til Dómarafélags varðandi LM fyrir 15. maí n.k., einnig í kappreiðanefnd frá framkvæmdanefnd LM.

6. Ýmiss erindi send stjórn L.H. til afgreiðslu.

1) 25. febrúar s.l. var haldinn hér fundur varðandi framtíð Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Guðmundur sat þann fund sem var fjölmennur. Hann reifaði það helsta frá þeim fundi, en staða Stóðhestastöðvarinnar hefur verið erfið.

2) Landnýting og ímynd hestamennskunnar. Ráðgert er að halda málþing um ofangreint efni innan mánaðar. Markmið að ná saman fulltrúum hestamanna og verndaraðila til að ræða hvernig koma megi í veg fyrir að land skemmist af völdum hrossabeitar. Ýmsir aðilar standa að þessu málþingi s.s. Landgræðsla ríkisins, Hestamannafélögin á stór-Reykjavíkursvæðinu, L.H., Félag hrossabænda, Búnaðarfélag Íslands, Hrossaraektarsamb. Ísl. og Landbúnaðarráðuneytið.

Ýmsum fannst þar sem við teljumst standa fyrir þessu ásamt ýmsum öðrum, þá hefðum við mátt sjá þetta fyrr. Hings vegar er málið gott og menn sammála að taka þarna þátt.

- 3) Lagt fram bréf frá Eiðfaxa h.f. þar sem farið er fram á styrk í því skyni að þeir geti í sambandi við Landsmótið gefið blað út á ensku og þýsku. Menn sjá L.H. ekki hafa neitt fé handbært til slíkra mála.
- 4) Beiðni um styrk í sambandi við Norðlenska hestadaga kr. 25. þús. (laun til leiðbeinenda). Samþykkt með fyrirvara um samþykkt æskulýðsnefndar.
- 5) Nýlega haldið gæðingadómaranámskeið hér í Reykjavík. 25 sóttu námskeiðið, 3 féllu. Kennarar, Olil Amble, Jóhann Þorsteinsson, Sigurbjörn Bárðarson og Sigurður Haraldsson.
- 6) Bréf hefur borist frá hestamannafélaginu Sleipni þar sem gætir mikillar andstöðu varðandi breytingar á reglug. 2.1.1. um gæðingakeppni L.H. 1. gr. sem samþykkt var á Flúðum á 43. ársþingi. Guðmundur reifaði þessi mál og er málið flókið og snúið og lausn liggur ekki í loftinu. Ákv. að kynna sér málin betur og taka ákvörðun á næsta fundi.
- 7) Sig. P. kynnti væntanlegan sjónvarpsþátt um hestamennsku á breiðum grunni, sem ákveðið hefur verið að setja af stað á Stöð 2 og sýna vikulega síðdegis á sunnudögum. Stjórnandi þáttarins verður Júlíus Brjánsson. Ýmsir "sponsorar" munu leggja málinu lið með fjárfamlögum m.a. hefur verið rætt við Búnaðarfélag Ísl., Félag hrossabaða o.fl. Talið er erfiðast að byrja, en annars er gert ráð fyrir að auglýsendur fjármagni útsendinguna. Menn ánægðir með þetta framtak og lýstu stuðningi við það, án þess að taka að sér nokkrar fjárhags skuldbindingar.
- 8) Hjalti Pálsson hefur sýnt áhuga á því að gefa út næstu bók Áfanga á eigin reikning. Framkvæmdastjóra falið að semja við Hjalta um nauðsynlega þætti vegna þessa. Rætt nánar á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir. Formaður sleit fundi kl. 18:40.

Guðmundur Jónsson
 Kristmundur Halldórsson
 Jón Bergsson
 Kristján Auðunsson
 Sigbjörn Björnsson

Guðbrandur Kjartansson
 Sigfús Guðmundsson
 Sigurgeir Bárðarson
 Águst Oddsson
 Marteinn Valdimarsson